

Næsti Skóla-akur kemur út
13. október 2016.

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 12. tbl. 10. árg. 29. september 2016

Hér má sjá nokkrar skemmtilegar myndir frá list- og verkgrainakennslu í 1. og 2. bekk SÍðuskóla.



Nýjar fartölvur vígðar í Oddeyrarskóla.

Á meðan 7. bekkurinn lagði undir sig tölvuverið til að taka fyrstu rafrænu samræmdu könnunarprófin, fengu krakkarnir úr 3. og 4. bekk sem voru í upplýsingatæknismiðju tækifæri til að vígja glænýjar og stórgóðar Chromebook fartölvur skólans. Krakkarnir, sem hafa verið í þessari smiðju 3x í viku frá upphafi skólaársins, hafa verið að læra



ýmislægt sem tengist upplýsingamennt og sýndu þeir skólustjóra færni sína í forritun og gerð kynninga þar sem þeir notuðust við skyggjur á Google classroom og Prezi kynningar.

Nemendur eru virkilega móttækilegir í tæknimálum og verður gaman að fylgjast með námi þeirra í framtíðinni. Nýverið voru keyptar 16 öflugar Chromebook vélar í Oddeyrarskóla og eru þær ætlaðar nemendum. Fartölvuvagn er væntanlegur í byrjun október, en hann auðveldar alla umgengni um vélararnar.

Verkefnið "Nordlinjen" í Glerárskóla.

Þetta verkefni (danskt verkefni) fjallar um að vera unglingur í Færeyjum, á Íslandi, á Grænlandi og í Danmörku. Meginmarkmið verkefnisins er að unglingar í þessum löndum fái innsýn og meiri skilning á norræna samfélaginu sem þau eru hluti af. Það eru 20 skólar sem taka þátt í verkefninu í þessum löndum og er 9. bekkur í Glerárskóla einn af þeim. Þau hafa eignast vinabekk í Fluglafirði í Færeyjum og dagana 19. og 20. september voru viðburðardagar hjá þeim. Þá voru vinabekkirir að vinna samstarfsverkefni, þau hittust á netinu, töluðu saman og kynntu hvert fyrir öðru land og þjóð á fjölbreyttan hátt. Krakkarnir munu vinna áfram saman í verkefninu í vetur og m.a. vinna stuttmynd saman. Þau eru í beinu sambandi á gagnvirkum lokuðu netsvæði þar sem þau sýna hvert öðru myndir, deila greinum og videoklippum og spjalla um menningu og daglegt líf hvers annars. Samskiptin fara að mestu fram á dönsku en þau hafa líka komist að því hve skyld tungumál færeyska og íslenska eru.



Barnaverndarþingið 2016.

Barnaverndarstofa stendur að Barnaverndarþingum annað hvert ár að hausti. Barnaverndarþing 2016 verður haldið 7. október nk. á Grand Hótel Reykjavík. Yfirskrift þingsins er *Öryggi barna – ný hugsun – ný nálgun* og mun forseti Íslands setja þingið. Þrjár erlendir sérfræðingar, flytja erindi auk íslenskra sérfræðinga.

Sjá nánar:

<http://www.heimilhogskoli.is/>

Menntabúðir #Eymenntar.

Síðastliðinn vetur tóku nokkrir skólar á Eyjafjarðarsvæðinu sig saman og sóttu um þróunarstyrk til Sprotasjóðs til að halda menntabúðir í upplýsingatækni til að kennarar fái tækifæri til að efla sig á þessu sviði kennslunnar. Átta menntabúðir voru haldnar undir formerki #Eymenntar síðasta vetur og gengu þær út á að kennarar miðluðu sín á milli hugmyndum og reynslu í upplýsingatækni. Oddeyrarskóli bættist í hóp umsækjenda á þessu ári og fékkst styrkur til að halda sex menntabúðir þennan veturinn undir formerkjum #Eymenntar.

Fyrstu menntabúðir vetrarins voru haldnar í Oddeyrarskóla nú í lok september og voru þær undirbúnar af kennurum úr Oddeyrarskóla og Brekkuskóla. Kennarar höfðu tækifæri til að kynna sér og ræða saman um Google Classroom, Moodle í stærðfræðikennslu, EdPuzzle, kóðun, myndbandagerð í Imovie, gagnaukinn veruleika í námi, Quizlet og skipulagsforritið Symphonical.

Þátttaka kennara var mjög góð þar sem alls um 80 kennarar komu til menntabúðanna.



Skóla-akur er vefrit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.